

## **78. stjórnarfundur Austurbrúar, haldinn föstudaginn 22. september 2017.**

### **Fundargerð**

#### **Fundurinn haldinn á Reyðarfirði í húsnæði Austurbrúar.**

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar: Jón Björn Hákonarson (JBH), Sigrún Blöndal (SB), Gauti Jóhannesson (GJ), Sveinn Jónsson (SJ), Sæunn Stefánsdóttir (SS).

Mættir stjórnarmenn SSA: Andrés Guðmundsson (AG), Gunnar Jónsson (GJ), Sigrún Blöndal (SB), Jón Björn Hákonarson (JBH), Hákon Hansson (HH), Stefán Grímur Rafnsson (SGR).

Forföll hjá SSA: Margrét Guðjónsdóttir (MG).

Til fundarins einnig mættu: Sif Hauksdóttir (SH), Björn Ingimarsson (BI) og Páll Björgvin Guðmundsson (PBG).

Mættir starfsmenn: Jóna Árný Þórðardóttir (JÁÞ) sem ritaði fundargerð.

#### **Dagskrá:**

1. Háskólasetur
2. Tillaga SSA á aðalfundi
3. Önnur mál

Formaður stjórnar Austurbrúar setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna

### 1. Háskólasetur

Páll Björgvin Guðmundsson fór yfir kynningu á samstarfi Fjarðabyggðar við fyrirtæki í Fjarðabyggð. Samstarfið við fyrirtækin er á þremur skólastigum, grunnskóla, framhaldsskóla og háskólastigi. PBG fór sérstaklega yfir yfirlýsinguna sem undirrituð var í júní. Töluverð umræða um aðdraganda yfirlýsingar og fjölmiðlaumfjöllunar í framhaldi af henni. Umræður mörkuðust bæði af hrósi og gagnrýni á upphafsskref við vinnslu verkefnisins. Niðurstaða fundarins er að öðrum sveitarfélögum á Austurlandi sé boðin aðild að stofnun Háskólaseturs Austfjarða, unnið verði hratt og markvisst að framgangi verkefnisins og þannig að til heilla horfi fyrir Austurland allt hið fyrsta og til framtíðar. Ákveða þarf hvort og þá hvernig setrið verði rekið undir regnhlíf Austurbrúar ses.

### 2. Tillaga SSA á aðalfund.

JBH fór yfir tillögu sem lögð verður fyrir SSA þingið. Einnig kynnti hann að starfsháttanefnd væri búin að senda inn álit sem formaður stjórnar Austurbrúar mun kynna á stjórnarfundi Austurbrúar eftir helgi og formaður SSA mun kynna stjórn SSA á stjórnarfundi á fimmtudaginn.

### 3. Önnur mál

#### Starfshópur um ný Seyðisfjarðargöng.

JBH fór yfir að framkvæmdastjóri Austurbrúar hafi verið skipuð af hálfu sveitastjórnar- og samgönguráðuneytisins í starfshóp um ný Seyðisfjarðargöng ásamt 4 öðrum einstaklingum.

Næsti fundur á mánudaginn 25. September kl. 20.40 og mun fundurinn verða í síma.

Fundi slitið kl. 15:45

\_\_\_\_\_  
Jón Björn Hákonarson

\_\_\_\_\_  
Sigrún Blöndal

\_\_\_\_\_  
Sveinn Jónsson

\_\_\_\_\_  
Gauti Jóhannesson

\_\_\_\_\_  
Sæunn Stefánsdóttir